

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

357. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu bygðasamlagsins mánudaginn 14.12.2015, kl.12:00.

Mættir:

Bjarni Torfi Álfþórsson, Hafsteinn Pálsson, Halldór Auðar Svansson, Jóna Sæmundsdóttir, Guðmundur Geirdal og Rósa Guðbjartsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson og Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur. Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri boðaði forföll.

Tekið fyrir:

- 1. Lyktarmál í Álfsnesi – skýrsla RSI og niðurstöður könnunar Gallup meðal íbúa**  
Framkvæmdastjóri og yfirverkfræðingur leggja fram og kynna skýrslu Resource International um lyktarvarnir í Álfsnesi. Einnig lögð fram og kynnt niðurstaða Gallup könnunar meðal íbúa í Leirvogstungu. Stjórn fagnar því að aðgerðir gegn lyktarmengun séu farnar að skila árangri. Niðurstaða könnunarinnar verður kynnt íbúasamtökum í Leirvogstungu.
- 2. Siðareglur starfsmanna**  
Lögð fram drög að siðareglum starfsmanna. Stjórn samþykkir siðareglurnar og undirritar þær.
- 3. Úrskurður Hæstaréttar Íslands nr. 273/2015 vegna máls SORPU bs. gegn Samkeppniseftirlitinu**  
Lagður fram úrskurður Hæstaréttar Íslands nr. 273/2015 vegna máls SORPU bs. gegn Samkeppniseftirlitinu vegna ákvörðunar eftirlitsins um viðurlög og sektir SORPU vegna brota á samkeppnislögum. Hæstiréttur hefur úrskurðað að beina ákveðnum tilteknum spurningum til EFTA dómstólsins vegna málsins.
- 4. Erindisbréf innri endurskoðunar**  
Lögð fram endanlega skýrsla innri endurskoðunar á innra eftirliti SORPU bs. Einnig lögð fram drög að erindisbréfi fyrir innri endurskoðanda ásamt verkáætlun 2016 – 2018. Málið rætt. Stjórn samþykkir erindisbréfið og felur stjórnarformanni og framkvæmdastjóra að undirrita f.h. stjórnar.
- 5. Vísitölubreyting gjaldskrár um áramót**  
Framkvæmdastjóri kynnir breytingar á gjaldskrárvísitölu. Almenn gjaldskrá tekur breytingum skv. þróun vísitölu frá 1. júní og hækkar um 4,69% um áramótin. Gjaldskrá endurvinnslustöðva tekur sömu breytingum.
- 6. Niðurstöður sveitarfélagsins Ölfus varðandi hugsanlega úrgangsmeðhöndlun á Nessandi**  
Lögð fram niðurstaða sveitarfélagsins Ölfus varðandi hugsanlega úrgangsmeðhöndlun á Nessandi vegna sameiginlegrar fyrirspurnar Sorpstöðvar suðurlands bs. og SORPU bs. Í fyrirspurninni kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Í framhaldi af fundi SOS bs og SORPU bs með fulltrúum Sveitarfélagsins Ölfuss þann 8. september s.l. var ákveðið að undirritaðir aðilar sendu sveitarfélaginu erindi um að Nessandur yrði skoðaður og greindur með möguleika á að koma þar upp móttöku á

*(Handwritten signatures and initials)*

*úrgangi með flokkun og vinnslu í huga, urðunarstað með óvirkan úrgang og nýtingu svæðisins fyrir uppgræðslu með jarðvegsbæti í samstarfi við Landgræðsluna.“*

Niðurstaða sveitarfélagsins Ölfus er sem hér segir:

*„Í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss er skipulagt um 15 ha. svæði í Neslandi vestan Þorlákshafnar sem hugsað er fyrir móttöku- og flokkunarstöð fyrir úrgang. Á svæðinu er hugsuð aðstaða til móttöku umhleðslu og flokkunar á úrgangi og endurvinnsluefnum sem þjónað gæti sveitarfélögum á Suðurlandi. Á svæðinu er gert ráð fyrir urðun á því sem ekki verður endurnýtt eða flutt burt. Erindið sem nú liggur fyrir gerir ráð fyrir mun stærra og fjölmennara svæði en skilgreining aðalskipulagsins gengur út frá og því ná forsendur aðalskipulagsins ekki yfir beiðnina. Í erindinu er nefnt að fyrirhuguð rannsókn myndi m.a. lúta að því að skoða landið og aðstöðu m.t.t. að koma upp móttöku- og flokkunarstöð og til urðunar á óvirkum úrgangi. Í 3. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og í 3. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs er skilgreiningin á óvirkum úrgangi sú að um sé að ræða úrgang sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega og hafi ekki skaðleg áhrif á umhverfið t.d. múrbrot, gler og uppmokstur. Í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2008-2020 sem er samstarfsverkefni SORPU bs., Sorpstöðvar Suðurlands bs., Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. og Sorpurðunar Vesturlands hf. er skilgreining óvirs úrgangs á sama veg. Í áætluninni kemur fram að um 51 þús. tonn af óvirkum úrgangi hafi fallið til á svæðinu árið 2006 og voru um 88% af því uppgroftur og ómengaður jarðvegur, gler 4%, steinsteypa, flísar, keramik um 2% og annar óvirkur úrgangur um 6%.*

*Ef tryggt er að ekki verði um skoðun á urðun annarra úrgangstegunda að ræða sér bæjarstjórn ekki meinbugi á því að farið verði í rannsóknir í samræmi við erindið.“*

Málið rætt. Viðræðuhópur stjórnar SORPU bs. og Sorpstöðvar Suðurlands stefnir að fundi í næsta mánuði til að ræða næstu skref.

- 7. Ósk Sorpstöðvar suðurlands bs. um framlengingu á samningi um móttöku úrgangs**  
Lagt fram erindi Sorpstöðvar Suðurlands bs., dagsett 10. Nóvember sl., þar sem óskað er framlengingar á samningi SORPU og SOS um móttöku úrgangs af suðurlandi. Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að ganga frá samningi til næstu 6 mánaða.
- 8. Jólaúthlutun Góða hirðisins 2015**  
Stöðvarstjóri sem fulltrúi úthlutunarnefndar kynnir niðurstöður jólaúthlutunar Góða hirðisins sem fram fer í Góða hirðinum föstudaginn 18. Desember n.k. kl. 10:30.
- 9. Niðurstaða af auglýsingu á aðstöðu í Gufunesi**  
Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir niðurstöður af auglýsingu SORPU á aðstöðu sem Efnamóttakan hf. hafði til umráða í Gufunesi. Ein hugmynd barst. Málið rætt.
- 10. Vinnustaðasamningur SORPU við Eflingu-stéttarfélag og verkalýðsfélagið Hlíf**  
Framkvæmdastjóri kynnir nýjan vinnustaðastamning SORPU bs. við Eflingu-stéttarfélag og verkalýðsfélagið Hlíf í Hafnarfirði. Samningurinn er byggður á samningi Reykjavíkurborgar og Eflingar.
- 11. Breyttar verðlagsforsendur Reykjavíkurborgar vegna rekstraráætlana**  
Lagt fram erindi fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar vegna breyttra verðlagsforsaenda fyrir rekstraráætlanir. Einnig lagt fram svar framkvæmdastjóra við erindinu.

*RF. BJA KCB  
Klas*

**12. Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna kæru Íslenska gámafélagsins vegna kröfu SORPU bs. um skráningu uppruna úrgangs til urðunar** Lagður fram og kynntur úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 102/2013, kæra Íslenska gámafélagsins vegna ákvörðunar SORPU bs. um að krefjast upplýsinga um uppruna úrgangs í formi póstnúmers. Niðurstaða kærunefndar er skýr og SORPU bs. í vil. Áfram verður því krafist upplýsinga um uppruna úrgangs í formi póstnúmera fyrir þann úrgang sem ætlaður er til urðunar.

**13. Næsti fundur**

Næsti fundur stjórnar ákveðinn 22. janúar 2016 kl. 07:30

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 14:30

Fundarritari Bjarni Hjarðar

Bjarni Tarfi  
Skúli Anton Gunnarsson  
Jóna Leunadóttir  
Rannveig  
Guðrún  
Ólafur Ólafsson  
Bjarni Hjarðar  
Bjarni Hjarðar